

WooCommerce tenging við Noona HQ

Last Modified on 23/06/2026 2:22 pm BST

Tengdu Noona HQ við WooCommerce og fáðu sölurnar inn í birgðahaldið í rauntíma

Ef þú ert að nota netverslunarvirkni hjá WooCommerce og sölukerfi Noona þá getur þú nú tengt kerfin saman á einfaldan hátt þannig að salan í Noona uppfæri meðal annars birgðastöðuna í WooCommerce. Þetta ætti því að geta sparað þér tímann og umstangið við að uppfæra söluupplýsingar í búiðinni og netversluninni.

Helstu eiginleikar samþættingarinnar

Upplýsingar um vöruheiti, vörulýsingar, verð, virðisauka, birgðir, vörumyndir og vöruflokka í sölukerfi Noona uppfærast í rauntíma inn í WooCommerce og upplýsingar um birgðastöðu og viðskiptamann uppfærast í rauntíma frá WooCommerce yfir í Noona HQ.

Hvað gerir viðbótin?

- Flytur vörur frá Noona HQ yfir í WooCommerce.
- Samstillir pöntunarstöður úr WooCommerce yfir í Noona HQ.
- Býður upp á handvirka samstillingu fyrir vörur og pantanir.
- Styður webhook-a fyrir sjálfvirkar uppfærslur þegar breytingar verða.

Helstu kostir

- Minni handavinna og færri innsláttarvillur.
- Betri samræming gagna milli vefverslunar og Noona HQ.
- Skýr yfirsýn yfir tengingu og samstillingarstöðu.



Ef þú ert með netsölu hjá WooCommerce og notar sölukerfi Noona þá einfaldar samþættingin utanumhald sölnunnar þinnar heilmikið. Þegar þú selur vöru í sölukerfi Noona geturðu verið viss um að birgðirnar séu réttar í netsölnunni!

Hver getur notað tenginguna?

Forkröfur þess að þú getir tengt sölukerfi Noona við WooCommerce er að þú sért með netsöluvirkni hjá WooCommerce og í sölukerfinu hjá Noona.



Nánari upplýsingar um verð, uppsetningu og framkvæmd tengingar fást með því að hafa samband við [info@addons.is].


Athugið að Noona sér ekki um tenginguna sjálfa né verðlagningu hennar. Allar fyrirspurnir varðandi tenginguna, kostnað og tæknilega útfærslu skulu berast beint til þjónustuaðila á ofangreindu netfangi.

Tengja WooCommerce við Noona HQ


Hér að neðan getur lesið, skref fyrir skref, hvernig þú tengir WooCommerce við sölukerfi Noona.

Skref fyrir skref:

1. Skráðu þig inn á Noona HQ aðganginn þinn.
2. Smelltu á fellilistann uppi í hægra horninu.



3. Smelltu á „Stillingar“.
4. Undir „Aðgangur“, veldu „Viðbætur“.



5. Finndu WooCommerce appið og smelltu á „Tengja“.

Viðbætur ×

Gerðu Noona upplifunina þína ennþá öflugri með öppum frá okkur eða með því að opna á samskipti milli Noona og annara lausna

Google Calendar
Tengdu Noona HQ dagatalið þitt við Google Calendar

[Tengja dagatal](#)

Teya
Tengdu við Teya til þess að taka við greiðslum í gegnum posa

[Tengja](#)

Verifone
Tengjast Verifone til að taka við posagreiðslum

[Tengjast](#)

Straumur
Tengjast Straumi til að taka við posagreiðslum

[Tengjast](#)

Torfi Bókhald
Bókhaldsþjónusta sem sækir sölu- og greiðslugögn úr Noona og einfaldar afstemmingar og uppgjör.

[Tengja](#)

Sambætting á milli Noona og Woocommerce
Tengdu sölukerfi Noona við Woocommerce netverslun.

[Tengja](#)

Outlook
Samstilltu Noona HQ við Outlook

[Tengja](#)

Waiting Room Display
Waiting Room Display is an easy-to-use app for waiting rooms, showing who's ready for service next. It keeps clients informed, making the waiting process smooth and organized.

[Opna](#)

Bókanagreining
Fáðu ítarlegri yfirsýn yfir bókanir með sérsníðnum dálkum, stillanlegum síum og einföldum útfletningu í Excel-skjá.

[Opna](#)

Payday
Tengdu Noona við Payday, bókhaldskerfið sem sjálfvirkni veðir bókhaldið hjá þér. Fáðu sölurnar inn í bókhaldið í rauntíma.

[Tengja](#)

Svarti Listinn
Hafnaðu sjálfkrafa tímabókunum frá viðskiptavinum á svarta listanum. Þættu einfaldlega viðskiptavinum við viðskiptavinahópin „Blacklist“ og njóttu hugarróar!

[Opna](#)

6. Veittu WooCommerce aðgang með því að smella á „Samþykkja“ takkann.

Bæta við, breyta og eyða vörum þínum

Sækja upplýsingar um viðskiptavini

Bæta við, uppfæra og eyða viðskiptavinum

Sækja allar sölutengdar upplýsingar

Bæta við, breyta og eyða upplýsingum á öllum opnum sölum

Bæta við, breyta og eyða aukareitum tímabókanna og viðskiptavina

Sækja upplýsingar um aukareiti tímabókanna og viðskiptavina

Bæta við, breyta og eyða vöruflokkunum þínum

Sækja upplýsingar um vöruflokkana þína

Bæta við, breyta og eyða greiðslum sem eru á leiðinni til þín

Sækja upplýsingar um greiðslur sem eru á leiðinni til þín

oauth consent.scopes.paymentMethodsWrite

Sækja upplýsingar um viðskiptavinahópa

Bæta við, uppfæra og eyða viðskiptavinahópum

Sækja upplýsingar um breytingarsögu

Sækja upplýsingar um þjónusturnar þínar


Bæta við, breyta og eyða þjónustunum þínum

Sækja upplýsingar um greiðslumátana þína

Ertu á röngum aðgangi? [Nota annan aðgang](#)

Hætta við
Samþykkja

7. Nýr gluggi með WooCommerce ætti að opnast. Settu inn slóðin á vefsíðunni þinni og smelltu á „Áfram“.



8. Nú opnast nýr gluggi. Þú þarft ekki að gera neitt nema að bíða í nokkrar sekúndur. Þegar síðan opnast aftur á Noona HQ er allt klárt!

Hvernig fjarlægji ég tenginguna?

Þú fjarlægir tenginguna við WooCommerce með því að fara undir **Stillingar** --> **Aðgangur** --> **Viðbætur** og smella á ruslatunnuna við WooCommerce appið.

✓ Ef það er engin ruslatunna og það stendur **Tengja** þá er appið ekki lengur tengt.

Eins og alltaf, ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum spjallbútbluna [?](#)